# Hlíf Sigurjónsdóttir fiðluleikari
# Tónleikar í Norðurljósasal Hörpu

á vegum Myrkra Músíkdaga 30. janúar 2016 kl. 19:00

# Solo Violin Concert at Harpa, Reykjavík

Jan 30th 2016 at 7:00pm

Efnisskrá/Programme

| | |
|---|---|
| Rúna Ingimundar<br>f. 1963 | Að heiman – Þingeysk þjóðlög í léttum leik |
| Hróðmar Ingi Sigurbjörnsson<br>f. 1958 | Kurìe –stúdía fyrir einleiksfiðlu |
| Karólína Eiríksdóttir<br>f. 1951 | Hugleiðing fyrir einleiksfiðlu |
| Merrill Clark<br>f. 1951 | Seiðkonan – The Sorceress<br>Prelude<br>Song<br>Fugue<br>Waltz Scherzo<br>Ciaconna |
| | Með videoverki eftir gríska fjöllistamanninn<br>Ektoras Binikos |

(English CV below)

**Hlíf Sigurjónsdóttir** er fædd í Kaupmannahöfn en ólst upp í Reykjavík. Hún nam fiðluleik hjá Birni Ólafssyni konsertmeistara við Tónlistarskólann í Reykjavík og fór síðar til framhaldsnáms við Háskólana í Indiana og Toronto og í Listaskólann í Banff í Kanada. Einnig nam hún hjá Gerald Beal fiðluleikara í New York borg. Á námsárum sínum kynntist hún og vann með mörgum merkustu tónlistarmönnum tuttugustu aldarinnar, þar á meðal William Primrose, Zoltan Szekely, György Sebök, Rucciero Ricci og Igor Oistrach.

Hlíf hefur haldið fjölda einleikstónleika og leikið með sinfóníuhljómsveitum og kammersveitum víða um Evrópu, í Bandaríkjunum og Kanada. Haustið 2014 kom geisladiskurinn DIALOGUS út hjá MSR Classics í Bandaríkjunum með einleiksverkum í hennar flutningi sem samin hafa verið sérstaklega fyrir hana. Hefur sá diskur hlotið mikið lof gagnrýnenda. Í haust endurútgaf MSR Classics tvöfaldan geisladisk, frá árinu 2008, þar sem hún lék allar sónötur og partítur fyrir einleiksfiðlu eftir Johann Sebastian Bach.

*Að heiman - þingeysk þjóðlög í léttum leik*
Guðrún Ingimundardóttir (**Rúna Ingimundar**) er með doktorsgráðu í tónsmíðum og tónlistarmannfræði frá Háskólanum í Arizona. Hún starfar nú við Tónskóla Fjallabyggðar og hefur jafnframt verið leiðbeinandi nemenda í meistaranámi við Listaháskóla Íslands og Háskólann á Bifröst. Rúna hefur mikinn áhuga á íslenskri þjóðlagatónlist og leitar í íslenskan þjóðlagaarf eftir innblæstri í tónsmíðar sínar. *Að heiman* byggir á fimm þjóð- og kvæðalögum sem Benedikt á Auðnum skráði og birtust í Þjóðlagasafni séra Bjarna Þorsteinssonar. Lögin eru kynnt til sögunnar í sinni einföldu mynd og síðan er spunnið út frá hverju lagi - þjóðlagið, fullkomið í sínum einfaldleika, er stofn trésins og spuninn

eru greinarnar. Allt tónmálið er byggt á stofninum rétt eins og hljóðheimur tónskáldsins sem hvílir á hljómi uppvaxtaráraa þess á Húsavík.

*Kuríe*
**Hróðmar Ingi Sigurbjörnsson** stundaði framhaldsnám í tónsmíðum við Tónlistarháskólann í Utrecht í Hollandi. Hann starfar sem tónskáld í Reykjavík og kennir tónsmíðar og tónfræðagreinar við Tónlistardeild Listaháskóla Íslands. Hann hefur samið kammer- hljómsveitar- og kórverk, ásamt tónlist fyrir kvikmyndir, sjónvarp og leikhús. Um *Kurìe* segir Hróðmar: „Verkið samdi ég fyrir Hlíf Sigurjónsdóttur, og byggi á hugmyndum úr Kyrie kafla Skálholtsmessu minni frá árinu 2000. Það er hugsað sem hluti af röð einleiksverka þar sem unnið er markvisst með andstæður í stíl og efnistökum. Í *Kuríe* er efni upphaflega kaflans skrifað upp á nýtt fyrir einleiksfiðlu, gegn því er upphafshljómi kaflans teflt og hann skoðaður frá ýmsum hliðum."

*Hugleiðing fyrir einleiksfiðlu*
**Karólína Eiríksdóttir** er með meistaragráðu í tónsmíðum, tónlistarsögu og -rannsóknum frá Háskólanum í Michigan í Bandaríkjunum. Hún starfar sem tónskáld og kennir við Tónlistarskólann í Reykjavík. Tónverk Karólínu hafa verið flutt hér heima og víðsvegar erlendis m.a. á Norrænum tónlistarhátíðum, í París, London, Glasgow, Tokyo, Vínarborg, Bandaríkjunum, Þýskalandi og á Spáni. Karólína skrifaði verkið *Hugleiðing fyrir einleiksfiðlu* árið 1996. Hún segir: „Verkið er í einum kafla og er byggt á hugmyndum sem þróast áfram og birtast í ýmsum myndum, eins konar tilbrigði án stefs."

*The Sorceress - Sigurjónsdóttir Sónata*
**Merrill Clark** fæddist í Salt Lake City í Utah í Bandaríkjunum, en síðan 1979 hefur hann búið og starfað í New York borg sem tónskáld, útsetjari og hljóðfæraleikari. Hann nam hljóðfæraleik, jazzfræði og einnig kvikmyndagerð. Hann hefur hlotið virt verðlaun fyrir tónverk sín sem hafa verið flutt um gervöll Bandaríkin. Hann hefur gegnt stjórnunarstöðum í tengslum við jazz-músík og ritað bók um blús tónlist (Mastering Blues Keyboard). Tónlist Merrills er afar fjölbreytt, einleiksverk , hljómsveitarverk og söngleikir - fyrir venjuleg sem og rafmagnshljóðfæri. Eftir að hafa hlýtt á tónleika Hlífar í New York borg í janúar 2010 þar sem hún lék partítur og sónötur eftir J.S. Bach hóf Merrill að semja tónverk sem hann nefndi *The Sorceress - Sigurjónsdóttir Sonata*. Þetta er frumflutningur verksins í heild hér á landi.

*The Sorceress - Sigurjónsdóttir Sónata* - Myndband
**Ektoras Binikos** fæddist á grísku eyjunni Ikaria og nam við við kvikmyndaskólann í Aþenu (Lycurgus Stavrakos), þaðan sem hann útskrifaðist sem kvikmyndaleikstjóri. Hann flutti til New York og nam grafíska hönnun og rafræna útgáfu við New School háskólann og myndbandsgerð við Cooper Union menntastofnunina. Ektoras er fjölhæfur listamaður sem vinnur í margs konar miðla, hann málar og teiknar, tekur ljósmyndir, gerir innsetningar og myndbandsverk, og tengir saman hin ólíkustu listform svo sem bragðskyn og tónlist. Verðlaunuð hanastél hans spegla tær og náttúruleg sérkenni hins nýja ameríska eldhúss, þar sem ferskar og framandi bragðtegundir blandast á óvæntan hátt.

---

**Hlíf Sigurjónsdóttir** was born in Denmark and grew up in Iceland. Upon graduation from the Reykjavík College of Music, she furthered her violin studies at the Universities of Indiana and Toronto where her teachers were Franco Gulli and Lorand Fenyves, and the Banff School of Fine Arts. Later she took private lessons in New York from the renowned violinist and teacher Gerald Beal. She has been fortunate over time to work with many of the leading musicians of the twentieth century, including William Primrose, Janos Starker, Rucciero Ricci, Igor Oistrach, György Sebok and the members of the Hungarian quartet.

Hlíf has given numerous concerts both as a soloist and with various ensembles and orchestras. In 2014 MRS Classics released her disk *DIALOGUS* with works for solo violin, all of which were written for her. That disk has been higly acclaimed, e.g. by Voix des Arts, and one of Fanfare Magazine's critics, Maria Nockin, has named it as one of the best CDs of the year 2015. This year MSR Classics re-released the critically acclaimed 2-CD set of her playing the Sonatas and Partitas for solo violin by J.S. Bach

originally released in 2008.

**Rúna Ingimundar** was born 1963 in Húsavík, a small town on the North coast of Iceland. She received her Master's degree in Music Composition and Music Theory in 1990, and subsequently received Doctoral degrees in both Music Composition and Ethno-Musicology from the University of Arizona. Since 2009, Rúna has worked for the Folk Music Center in Siglufjörður, taught and advised Graduate students at three different universities in Iceland, and taught piano, voice and music theory as well as conducting choirs in Fjallabyggð. She has given concerts, presentations and workshops about Icelandic traditional music in Iceland and abroad. Rúna is the chairman of Stemma – The Icelandic Traditional Folk Music Association, and became the Icelandic representative in the Nordic Committee for Folk Music in 2009. Rúna was the first teacher to bring traditional Icelandic singing (kveðskapur) into the regular music school curriculum.

**Hróðmar Ingi Sigurbjörnsson** was born in 1958, and finished his BA in composition at the Reykjavík College of Music in 1984 under the guidance of Þorkell Sigurbjörnsson and Atli H. Sveinsson. He continued his studies with the Dutch composer Joep Straesser at the Utrechts Conservatorium in the Netherlands from 1984-1988. Since then, Hróðmar has been working as a composer and teacher of theory and composition at the Reykjavík College of Music from 1989-2008, and in the Music Department of the Iceland Academy of the Arts since 2003, among other music school positions in Reykjavík. His compositional output includes numerous works for symphony orchestra, concertos, an opera, several works for chamber orchestra, solo works, works for choir as well as music for theatre and film.

Born in 1951, **Karólína Eiríksdóttir** studied at the Reykjavík College of Music and the University of Michigan, where she received Master's degrees in Composition and Music History, and in Musicology. Among her works are orchestral pieces, four operas, chamber and solo pieces, as well as pieces for solo voices and choirs. She has also composed several works in collaboration with visual artists, among them *Music to the Constitution of Iceland*, which was part of Iceland's contribution at the Biennale de Venezia in 2011. Karólína's music has been performed in several countries. Her latest work is the opera *Magnus Maria*, which was premiered in July 2014 in Åland, and subsequently in Finland and Sweden.

**Merrill Clark** received his early training at the University of Utah. He later studied with film composer Pat Williams, contra bass virtuoso Lisle Atkinson, tabla master Samir Chatterjee and Latin percussionist/arranger Louis Bauzo. His work has been heard in the United States, Brazil, Malaysia, Thailand and throughout Europe. Merrill has written many works in a wide variety of genres, from unaccompanied solo works to large scale orchestral works. His collaboration with German trombonist Dirk Amrein has resulted in a series of works for trombone, e.g. Trombonist from Hell for solo trombone. Last year the Albany/Naxos records releasee a CD featuring the piano trio *di.vi.sion* performing Merrill's new work Prime Divisions for Piano Trio.

Merrill Clark maintains a private teaching studio in New York. His music has been published by Downbeat Magazine, and his book Mastering Blues Keyboard is published by Alfred Publishing Company.

**Ektoras Binikos** was born on the island of Ikaria, Greece, and was educated in Athens. He received his degree in Film Direction from the Greek Film Institute (Lykourgos Stavrakos). After moving to New York, he furthered his studies at the New School University in Graphic Design/Electronic Publishing as well as Video Production, and at Cooper Union in drawing & collages. He works in multiple mediums, including painting, drawing, installation, video, photography and digital art. He has exhibited his works in numerous exhibitions throughout the United States, South America and Europe.

He is the Head Mixologist at the legendary Michael's NY and is a creative force in the "New American Cocktail Renaissance". His award-winning cocktails reflect the pure and natural ethos of our new American global cuisine, featuring fresh, exotic ingredients in surprising combinations.